


Tónleikar

Hlíf Sigurjónsdóttir
fiðluleikari

Carl Philippe Gionet
píanóleikari



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 4. febrúar 2025 kl. 20:00

Hlíf Sigurjónsdóttir nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara og fór síðan vestur um haf til framhaldsnáms. Þar kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum sinnar tíðar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach. Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljóm-sveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada.

Hlíf hefur leikið allar sönötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir J.S. Bach, meðal annars inn á geisladiska sem hlotið hafa mikið lof, og haustið 2014 kom út geisladiskurinn *DIALOGUS* þar sem hún flutti eingöngu einleiksverk fyrir fiðlu, sem samin hafa verið fyrir hana. Maria Nockin, gagnrýnandi Fanfare Magazine, tilnefndi þann disk „CD of the year 2015“.

Hlíf er annt um íslenska menningu og sögu klassískrar tónlistar á Íslandi og sá til dæmis um útgáfu geisladisks 2020 með upptökum af fiðluleik Björns Ólafssonar úr fórum RÚV. Einnig hefur hún staðið fyrir tónleikum þar sem leiknar voru gamlar sögulegar upptökur sem hún fékk, í þeim tilgangi, hljóðhreinsaðar og yfirfærðar á varanlegt form.

Carl Philippe Gionet er eftirsóttur einleikari og meðleikari, en ekki síður sem leiðbeinandi og kennari víða um Kanada og Evrópu. Hann lauk doktorsprófi í píanóleik við Université de Montréal undir leiðsögn Paul Stewart og hefur hlotið sérhæfða þjálfun í meðleik í Austurríki og Englandi. Hann hefur lagt sig sérstaklega eftir menningararfleifð Akadíaana og árið 2013 stofnaði hann Musique sur mer en Acadie sem helgar sig miðlun klassískrar tónlistar meðal franska minnihlutans í Kanada. Síðan 2014 hefur hann verið leiðbeinandi við Breno Italy International Music Academy og Centre for Opera Studies and Appreciation í Kanada.

Efnisskrá

W.A.Mozart
1756–1791

Sónata í B dúr númer 32 KV 454
Largo-Allegro
Andante
Allegretto

Edvard Grieg
1843–1907

Sónata í c moll ópus 45
Allegro molto ed appassionato
Allegretto espressivo alla Romanza
Allegro animato

Arvo Pärt
f. 1935

Fratres

Auk tónlistarinnar stundar Carl bæði myndlist og ritsmíðar. Hann hefur haldið sýningar á verkum sínum beggja vegna Atlantshafsins og í haust sem leið sýndi hann verk sín í Listasafni Sigurjóns undir nafninu *Laugarneshughrif*. Fyrir bók sína *Icare (Icarus)*, sem hann einnig myndskreytti, hlaut hann tilnefningu til Kanadísku Prix Antonine-Maillet - Acadie Vie verðlaunanna.

Hlíf og Carl hafa leikið saman á tónleikum í áratug, hér á landi, í Kanada og Sviss.